

# Breiðholtsskýrslan

Umfjöllun um stöðu fjögurra hverfa í  
máli og myndum



15. júní 2010

Bjarni Fritzson

Tryggvi Haraldsson

Guðmundur Jóhannsson

Bjarni Þór Pétursson

Jóhann Jökull Ásmundsson

# Efnisyfirlit


Formáli.....	3
Inngangur.....	4
Seljahverfi.....	7
Bakkahverfi.....	22
Fellahverfi.....	28
Hólahverfi.....	36
Niðurlag.....	43
Heimildaskrá.....	44

Kæru borgarfulltrúar,

Það sem þið hafið í höndunum nú er skýrsla um það hvernig Breiðholt er útlítandi. Síðastliðin ár og áratugi hafa borgaryfirvöld litið framhjá því hverfi og einbeitt sér að öðrum verkefnum. Þessi áralanga vanræksla borgaryfirvalda á hverfinu hefur orðið til þess að hverfin fjögur innan Breiðholts eru farin að grotna niður. Vegna þessa ákvað ég og mínir félagar að afhenda ykkur þessa skýrslu og benda á helstu vandamál innan Breiðholtsins, sérstaklega vegna þess að með öflugu inngripi ætti að vera tiltölulega einfalt að leysa þau. Eina sem þarf að gera er að taka til hendinni, kostnaðurinn ætti ekki að vera mikill. Það væri til dæmis hægt að nýta lítinn hluta af þeim peningum sem Golfklúbbur Reykjavíkur átti að fá í styrk í þetta verkefni. Að auki eru um 10% Reykvíkinga atvinnulausir, þar af 1303 Breiðhyltingar og því ætti ekki að vera erfitt að útvega vinnuafli.

Kæru borgarfulltrúar ég vona að þið takið þessa skýrslu alvarlega og beitið ykkur fyrir bættu Breiðholti.

Virðingafyllst

A handwritten signature in blue ink that reads "Bryani Fritz". The signature is written in a cursive style with a large initial 'B'.

Við uppsetningu á skipulagi Breiðholtsins var ákveðið að það skyldi verða byggt í þremur áföngum og skipt í þrjú hverfi. Fyrst hófust framkvæmdir í Neðra-Breiðholti (*Bökkunum*) og var það ásamt Árbænum fyrsta raunverulega úthverfi Reykjavíkurborgar. Bakkahverfið reis upp á árunum 1966-1973. Skipulag fjölbýlishúsa hverfisins í Bökkunum var algjört nýmæli á Íslandi, því að blokkirnar mynduðu U utan um garð sem sneri að opnu svæði sem allar blokkirnar deildu. Þessi nýbreytni átti að auka á frelsi og öryggi barna í hverfinu, hlutur sem Gummi Jóh fer inn á í umfjöllun sinni um Bakkana. Því næst hófst uppbygging Efra-Breiðholtsins (*Fellin og Hólarnir*) sú vinna byrjaði árið 1966 og var að mestu lokið árið 1980. Efra-Breiðholtið skiptist í tvennt Suðurdeild (*Fellin*) og Norðurdeild (*Hólana*). Milli þessara tveggja hluta er miðsvæði og þar er að finna opinberar stofnanir eins og grunnskóla - bókasafn og Breiðholtslaugina sem er eitt mesta stolt hverfisins. Eitt helsta kennileiti Fellana er „Langavitleysan“ en ástæðan fyrir uppsetningu hennar er sú að það þótti of kostnaðarsamt að byggja U laga hverfi eins og var gert í Bökkunum. Því var í raun farið að skera niður í Fellunum áður en hverfið var byggt. Í ljósi nýafstaðins blaðamannafundar upp á Æsufelli, er skemmtilegt að segja frá því að pælingin bakvið stærð Æsufells blokkarinnar var sú að íbúarnir gætu myndað þar lítið þjóðfélag. Þá gætu íbúarnir til að mynda notast við sameiginlega barnagæslu og sameinast um eldamennskuna í stað þess að ýsa yrði soðin í hverri íbúð fyrir sig. Að lokum byggðist Seljahverfið upp á árunum 1970-1985. Lagt var upp með að Seljahverfið yrði hverfi þar sem allir gætu fundið húsnaði við sitt hæfi. Því er hægt að finna margar gerðir að íbúðarhúsnaði í Seljunum, allt frá þínu litlum fjölbýlishúsum upp í einhver stærstu einbýlishús í Reykjavík<sup>1</sup>.

Breiðholtið fékk snemma þann stimpil að vera „ghetto“ hverfi Reykjavíkur sem gengið hefur illa að losna við. Strax í kringum 1970 varð Breiðholtið tilefni deilna og sleggjudómar settir fram sem lýstu fáfræði og fordómum á íbúum og uppbyggingu hverfisins<sup>2</sup>. Fjölmíðlar áttu sinn þátt í að kynda upp fordómanna<sup>3</sup>. Staðreyndin er sú að almennt voru íbúar Breiðholts á þessum tíma og eru enn ánægðir með hverfið sitt<sup>4</sup>. Svo ég tali einungis fyrir sjálfan mig þá var æskan mín yndisleg í Breiðholti og skipar Breiðholt stóran sess í lífi mínu og vina minna. Upphaf „ghetto“ stimpilsins kom til vegna ákvörðunar „Viðreisnarstjórnarinnar“ sem var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Ákvörðunin var sú að byggja þyrfti yfir 1000 íbúðir í Reykjavík fyrir láglaunafólk og hófust byggingarframkvæmdir félagsíbúða í Breiðholti 6. apríl 1967<sup>5</sup>. Nú rúmum 40 árum síðar loðir „ghetto“ stimpillinn enn við Breiðholt bæði hjá hinum almenna borgara og ekki síður hjá borgaryfirvöldum, sem sést best á því sinnuleysi sem borgin hefur sýnt hverfinu.

Nú skulum við kíkja á nokkrar tölfræðilegar staðreyndir varðandi Breiðholtið. Það er fjölmennasta hverfi borgarinnar, fjöldi íbúa þar er 20.646 og búa þeir á 7.678 heimilum. Á tungumáli pólitíkusa þýðir þetta að flest atkvæðin eru sótt upp í Breiðholt. Útlendingar eru fjölmennir í Breiðholti og býr þar yfir 2000 íbúar af erlendu bergi brotnu sem er með því mesta í borginni<sup>6</sup>. Líkt og í öðrum hverfum hefur atvinnuleysi aukist ört seinustu ár og voru í maí síðastliðnum (2010) 1303 einstaklingar búsettir í Breiðholtinu án atvinnu. Til að setja þetta í samhengi þá voru á sama tíma 850 íbúar Grafarvogs og aðeins 352 íbúar Vesturbæjar án atvinnu, en þessi tvö hverfi koma næst Breiðholti í íbúðarfjölda (*Grafarvogur = 18.030, Vesturbær = 15.703*)<sup>7</sup>. Breiðholt kom ekki vel út þegar skoðaðar voru launagreiðslur fyrir árið 2008, en meðalatvinnutekjur íbúa Breiðholts það árið voru 3,7 milljónir. Eina hverfið í Reykjavík sem var með lægri meðalatvinnutekjur var Miðborgin þar sem íbúar hennar voru með 3,68 milljónir að meðaltali fyrir árið 2008<sup>8</sup> (*Í Miðborginni búa mikið af háskólanemum sem gæti átt sinn hlut í þessari lágu tölu*). Breiðholt er einnig í öðru sæti á eftir Miðborginni varðandi hvaða hverfi fengu fjárhagslega aðstoð frá félagsþjónustunni árið 2008. Svo má ekki gleyma því að Breiðholtið skartar miklum fjölda félagslegra íbúða eða yfir 530 sem er metfjöldi fyrir hverfin í Reykjavík<sup>9</sup>. Til að setja í samhengi þá eiga Félagsbústaðir um 1740 íbúðir víðsvegar um borgina, þar af eru flestar íbúðirnar í Efra Breiðholti, pósthverfi 111 eða 20%<sup>10</sup>. Tölur úr skýrslu lögreglustjóra um afbrot á höfuðborgarsvæðinu 2008 benda til þess að „ghetto“ hátternið sé á leið úr Breiðholti. Því samkvæmt þeim var Breiðholt eitt af fáum hverfum þar sem brotatíðni lækkaði 2008 frá því sem það var að meðaltali á árunum 2005 til 2007. Það er sérstaklega áhugavert að sjá lækkun í brotaflokkum sem gætu flokkast undir „ghetto“ athæfi, til dæmis fækkaði ofbeldisbrotum um 30%, nytjastuldur lækkaði um tæp 50% og þá fækkaði bæði fíkniefnabrotum og eignaspjöllum um 14%<sup>11</sup>. Samkvæmt þessum tölum þá virðast íbúar Breiðholts vera á réttri leið með að losa sig við „ghetto“ stimpilinn en nú þurfa borgaryfirvöld að fylgja með. (*Skýrsla lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um afbrota fyrir árið 2009 er enn í vinnslu og verður gefin út seinna í sumar, því varð að notast við tölur frá árinu 2008*).

Í Breiðholtinu eru tvö íþróttafélög Leiknir og ÍR. Íþróttafélagið Leiknir var stofnað árið 1973 í Fella- og Hólahverfi Reykjavíkur. Félagið er svokallað hverfisfélag þar sem starfsemi þess fer öll fram í umræddu hverfi. Í félaginu er starfrækt knattspyrnudeild karla allt frá 8. flokki til meistaraflokks. Kvennaflokkar eru frá 6. flokk og upp í 3.flokk. Í raun má segja að Íþróttafélagið Leiknir sé knattspyrnufélag því einungis er starfrækt ein deild innan félagsins. Heildarfjöldi iðkenda og keppenda eru nú um tvö hundruð og fimmtíu<sup>12</sup>. Aðstaða

fyrir iðkendur Leiknis hefur tekið stakkaskiptum frá því á árum áður eins og Tryggvi mun koma inn á í umfjöllun sinni um Fellahverfið.

Íþróttafélag Reykjavíkur eða ÍR var stofnað 11. mars 1907. Það er eitt elsta og fjölmennasta íþróttafélagið í Reykjavík með rúmlega 1800 virka iðkendur en þar af eru rúmlega 1300 iðkendur 16 ára og yngri. Íþróttafélag Reykjavíkur er með viðamikla starfsemi í öllum helstu íþróttagreinunum og eru 9 deildir innan ÍR, auk íþróttaskóla og almenningsíþróttar. Þrátt fyrir þessa miklu sögu, mikinn fjölda iðkenda og margar deildir, er ÍR eitt af fáum íþróttafélögum sem á ekki sitt eigið íþróttahús. Það hefur orðið til þess að í staðinn fyrir vera sterkt samheldið félag, sem hefur alla sína starfssemi á sama stað. Þá er eins og að það séu mörg ólík félög sem spili undir merkjum ÍR. Sést best þegar litið er til síðasta tímabils, þá keppti meistaraflokkur karla í körfuknattleik í Kennaraháskólanum, handknattleiksdeildin í Austurbergi og frjálsíþróttadeildin niður í Laugardal. Að auki stunda flestir iðkendur ÍR styrktaræfingar í Sporthúsinu í Kópavogi. Vanræksla Reykjavíkurborgar í garð Breiðholtsins sést hvergi betur en í þessum mannvirkjamálum fyrir ÍR. Í ágúst 2004 samþykkti stjórn ÍTR að hefja viðræður við ÍR um byggingu íþróttahúss á félagssvæði við Skógarsel. Í þeirri samþykkt sagði að stefnt skyldi að því að nýtt íþróttahús ÍR yrði vígt á 100 ára afmæli félagsins árið 2007. Það dróst á langinn en um miðjan janúar 2006 staðfesti formaður ÍTR og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar að 800 milljónir króna væru komnar á áætlun til þriggja ára, 2007–2009 til byggingar íþróttahúss ÍR. Borgarstjórn samþykkti áætlunina 21. febrúar 2006 og upp úr því voru lögð drög að því að hefja hönnun og undirbúning framkvæmda sem hæfust ekki seinna en í byrjun árs 2007 á 100 ára afmælisári ÍR<sup>13</sup>. Einmitt á afmælisdaginn 11. mars, var undirrituð viljayfirlýsing borgaryfirvalda um gagngera endurskoðun á skipulagi ÍR-svæðisins með hagsmuni félagsins og byggingu nýs og veglegs íþróttahús á svæðinu í huga. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Björn Ingi Hrafnsson og Óskar Bergsson voru fulltrúar borgaryfirvalda við þessa athöfn<sup>14</sup>. Nú er langt liðið á árið 2010 og ekkert hefur gerst í mannvirkjamálum, eins og staðan lítur út í dag þá virðast vera meiri líkur að Valur og KR fái sín þriðju íþróttahús frá borginni áður en ÍR fái sitt fyrsta.

Bjarni Fritzson

# Fyrsti hluti: Seljahverfið



**Bjarni Fritzson**

## Seljahverfið er hverfið mitt

Hverfið mitt er Seljahverfi, það er almennt talið vera fína hverfið í Breiðholti. Í minningunni er þetta hlýtt og skemmtilegt hverfi þar sem ungir krakkar geta notið þess að vera til og brallað ýmislegt. Til að endurvekja þessar gömlu góðu minningar ákvað ég að hjóla um Seljahverfið og fá minningarnar beint í æð. En mér til skelfingar þá hefur hverfið breyst töluvert frá því árunum áður, því ákvað ég að taka aðeins myndir af hverfinu, því þær segja jú meira en þúsund orð.

Í Seljahverfinu er ekkert bakarí lengur, engin hverfissjoppa eða videoleiga, ekkert kaffihús, engin kaupmaður á horninu og engin ísbúð. Aðeins tvær verslanir og ein sjoppa við Vatnsenda í útjadhri hverfisins. Þannig að það er nánast ekki hægt að sækja neina þjónustu á fæti.



Gamla góða ísbúðin mín, hér á ég margar skemmtilegar minningar frá því á unglingsárunum, við hliðina á henni var bakarí og þar við hliðina á var videoleiga, núna er allt farið.





Hér var videoleigan sem ég og vinirnir laumuðumst í, til að taka spólu og kaupa nammi fyrir blaðburðapeningana.

Aðalpartur æskunnar minnar fór í að stunda íþróttir á hinum ýmsu svæðum Seljahverfis og leika mér í öllum þeim skemmtilegu leiksvæðum sem fyrir fundust í Seljahverfinu. Skoðum þau.



Hér vorum við vinirnir að keppast um hverjir náðu að renna sér lengst, nú er það ekki hægt engin vír og engin róla, hefur verið svona í mörg, mörg ár.

Eitt af því sem við krakkarnir gerðu mikið var að spila körfubolta svokallaðan „streetball“ kíkjum aðeins á körfurnar og körfuboltavöllinn við gamla skólann minn Seljaskóla.



Svona útlítandi körfur voru alltof algeng sjón þegar ég skoðaði körfurnar í Seljahverfinu, væri mikið mál að mála línurnar.



Á þessum velli vann ég „streetball“ mót Hólmasels sem er félagsmiðstöð Seljanna. Þetta var einn vinsælasti völlur hverfisins og við unglíngarnir voru það spennitir að spila hann, að þegar það kom sólarglæta á veturna var um leið farið að moka snjóinn af vellinum.





Þetta var hinn vinsæli körfuboltavöllurinn, svokallaður Íkornavöllur. Á sumrin var þessi völlur fullur af krökkum og lífi, en hvað er hann nú??? Ekki neitt, engin karfa, engin fótboltamörk, bara subbulegur steypuklumpur.

En við krakkarnir fórum líka mikið í fótbolta, þar sem heilu hverfin hittust eftir kvöldmat og skipt var í lið.



Þetta var glæsilegur grasvöllur, með flottu marki og girðingu bakvið bæði mörkin. Það hefur breyst, grasið lélegt, engin girðing bara staurar og netið að sjálfsögðu rífið.





Annað „glæsilegt“ fótoltamark sem stendur við Seljaskóla, er ég tók þessa mynd voru frímínútur, kemur kannski ekki á óvart að þetta mark stóð autt. Ástandið á fót og körfuboltavöllunum skýrir kannski af hverju krakkar í dag hanga frekar í tölvunni heima en á þessum stöðum.

Seljahverfið hefur löngun verið talið einstaklega fjölskylduvænt hverfi. Andarpollurinn er stolt hverfisins og sá staður sem að fjölskyldur koma saman. Þar hittast krakkarnir, vaða, veiða síli og leika, meðan foreldrar þeirra hafa það náðugt og fylgjast með. Kíkjum á Andarpollinn.



Mjög fallett svæði en skoðum þetta aðeins nánar





Hvað er að gerast hér hvað var um tjörnina, orðin af drullugum og illa hirtum skítapoll



Einu sinni voru fiskar í þessari tjörn, allir krakkar og foreldrar í hverfinu hittust hér, veiddu og eyddu tíma saman. Nú er þetta að breytast í eina stóra mýri, af hverju er engin að hugsa um tjörnina.



En krakkarnir halda áfram að reyna leika sér og vaða í gegnum mýrina, ekki beint geðslegt.



Eins og þið sjáið á þessum myndum þá hefur tjörnin breyst úr fallegu útivistarsvæði í subbulega mýrin.

Ég fer alltaf annars lagið að gefa öndunum sem búa þarna brauð með þriggja ára syni mínum. Sonur minn gerir ekki greinamun á hvar grasið endar og hvar tjörnin byrjar, það segir mér að þarna þarf að taka til, áður en upp kemur slys sem ekki er hægt að afturkalla. Fallega tjörnin mín er orðin að slysgildru, vegna vanrækslu borgaryfirvalda.

En í Seljahverfinu er mikið af skemmtilegu leiksvæðum. Þar sem hverfið er að mestu leyti laust við hættulegar umferðagötur er yndislegt að röltu um það og leyfa krökkunum að leika sér. Skoðum leiksvæðin aðeins nánar.





Ekki glæsileg, skoðum fleiri.



Og fleiri





Frá þessum stað á ég mjög góðar minningar en þá leit hann ekki svona út , myndir nær ekki einu sinni að fanga allan þann subbuskap sem er þarna. Skoðum fleiri myndir.



Þessi útgangur á leiktækjunum er Reykjavíkurborg til skammar svo einfalt er það.



Næsta mynd er nokkuð sérstök fyrir mig þar sem hún er tekin fyrir utan æskuheimili mitt. Þarna var mikill og stór mói þar sem við krakkarnir byggðu dúfnakofa, lékum okkur í fjársjóðsleit, byggðum hjólaleiðir osfrv.



Núna er þetta ekkert annað en risamalar svæði það er ekkert þarna, móinn var jafnaður niður við jörðu, mól hélt yfir en hvað svo?? Skipulagsmálin eitthvað að klikka hér svo vægt til orða sé tekið.

Þarna rétt fyrir ofan var eitt vinsælasta hjólabrettasvæði Reykjavíkur og byggðum við krakkarnir ásamt skólafirvöldum einn glæsilegasta hjólabrettapall síns samtíma. Krakkar víðsvegar um höfuðborgina komu að renna sér, en hann er náttúrulega horfinn eins og svo margt annað.

Hér má sjá eina sparkvöllinn í Seljahverfinu, en eins og svo margt annað er hann subbulegur og illa umhirtur. Krakkarnir nýta sér hann þó til ystu æsa og er ávalt mikið líf í kringum hann.





Það er þó ekki bara aðstaða yngstu kynslóðarinnar sem er slæm, í svona fallegu hverfi er ekkert betra en að fara út að ganga, finna sér svo stæði til að hvíla lúin bein og fara yfir málin.



Þetta er bekkur við Elliheimilið, ekkert sérstaklega huggulegur. Kíkjum á fleiri



Þessi er niðrí dal fyrir framan stórt og mikið útivistasvæði, kjörin staður fyrir foreldra til að sitja á meðan börnin eru við leik.



Takið eftir því að hér er ekki ruslatunna bara staur og subbulegur bekkur



Nokkrar myndir til að undirstrika hversu illa hirt elskulega hverfið mitt er.



Kósý svæðið við elliheimilið, býið að skapa hér mjög huggulegt svæði þar sem eldra fólkið ætti að geta notið sín, en það er bara ekkert hugsað um það bara látið rotna. Myndin nær ekki einu sinni að fanga rétta mynd af því hversu óaðlagandi þetta svæði er.



Að lokum minnst ég þess er ég var í kringum 10 ára gamall og stundaði knattspyrnu með ÍR. Þá höfðum við aðstæður í litlum skúr en búið var að teikna upp glæsilegt svæði með fallegu íþróttahúsi. Ég man hversu spenntur ég varð og hugsaði með mér hversu gaman það yrði að alast upp í þessu frábæra félagi í þessari glæsilegu aðstöðu.



Svona lítur íþróttahúsið út „glæsilegt“

Eina sem hefur verið gert í uppbyggingu þess er skóflustungan sem fór fram fyrir einum þremur árum að ég held.

ÍR eða Íþróttafélag Reykjavíkur er eitt rótgrónasta félag borgarinnar og um leið nánast eina félagið sem á ekki sitt eigið íþróttahús. Sem hefur orðið til þess að krakkarnir okkar hafa engan samanstað og félagið nær ekki að iðka sína starfsemi í hverfinu. Einnig hafa margir af bestu leikmönnum ÍR kosið að fara í önnur lið vegna þess að þau geta boðið upp á þá aðstöðu sem íþróttamenn þarfnast til þess að ná árangri.

Mig dreymdi þegar ég var 10 ára að spila í þessari glæsilegu aðstöðu sem borgin hefur lofað okkur ár eftir ár eftir ár eftir ár og mig dreymir það enn, ja alla veganna fyrir syni mína.

En hvernig geta borgarfulltrúa ætlast til þess að vera kosnir aftur og aftur meðan hverfin okkar eru svona útlítandi? Niðurstöður síðustu kosningar sýndu berlega fram á að þeir geta það ekki. Svona lítur Seljahverfið út og almennt á þetta að vera fína hverfið í Breiðholti, í næstu hlutum þessara skýrslu munum við skoða hvernig hin hverfin líta út.

# Lausnir

*Mynda aðgerðahópa sem fara í hverfið og taka til.*

- Sækja fólk sem er á atvinnuleysissskrá í þessa vinnu. Er ekki kostnaðarsamt og atvinnuskapandi.
- Taka til á hinum ýmsu svæðum, setja mörk í netin, rétta skakkar körfur, setja net í körfur, mála yfir spreysjuð leiktæki, fara yfir alla bekki, ruslatunnur og útivistarsvæði.

*Nýta tómu svæðin til þess að skapa eitthvað nýtt og skemmtilegt fyrir hverfisbúa.*

- Til að mynda setja upp betrubættan körfuboltavöll á Íkornavelli í samstarfi við KKÍ.
- Taka malarsvæðið við hliðina á Seljaskóla í gegn, margt hægt að gera til dæmis setja grasþökur á hluta af svæðinu undir fótboltavöll, malbika annan hluta og setja upp körfur, búa til hjólabrettasvæði, strandblaksvöll, klifurveggi. Jafnvel að setja upp einhvers konar skólahreystibraut væri mjög spennandi. Svæðið er gríðarstórt og býður upp á marga möguleika.

*Tjörnin sjá til að hún sé hreinsuð almennilega*

- Það þarf að rífa illgresið sem er í tjörninni upp með rótum og það er bara gert með kantskera, gafl og mikilli vinnu, nema þetta yrði hreinlega tekið með gröfu. Við félagarnir ætlum að ráðast í hreinsun á tjörninni þann 27. júní og væri gott ef að borgin myndi klára þá vinnu.

*Reisa íþróttahúsið marglofaða*

- Reykjavíkurborg þarf að hefja stórframkvæmdir til þess að skapa atvinnu og þess vegna væri kjörið að hefja uppbyggingu íþróttahússins og loka þessari hringavitleysu sem það ferli hefur verið.

Mbk. Bjarni Fritzson



# **Annar hluti: Bakkahverfið**



**Guðmundur Jóhannsson**

**Bjarni Þór Pétursson**

Hverfið mitt eru Bakkarnir, 109 að eilífu amen. Eins og Bjarni Fritz þá tók ég göngutúr um hverfið mitt og fór á staðina þar sem maður eyddi næstum öllum sínum stundum sem barn og unglingur.

Bakkarnir eru ótrúlega skemmtilegt hverfi og þar fer öll umferðin í hring utan um hverfið en ekki inn í það, sem veitir ungum frískum krökkum mikið frjálssæði og foreldrum aukið öryggi. Eina umferðagatan inn í hverfið sem talist getur er að Breiðholtsskóla og litlum verslunarkjarna við Arnarbakka. Þessi litli verslunarkjarni hefur átt betri daga. Í dag er þar klukkubúð, Sveinsbakarí, fiskbúð og vinnustofa Margrétar Brynjólfsdóttur listmálara.



#### *Gamli góði verslunarkjarninn við Arnarbakka*

Þegar ég var yngri var þarna verslun, bakarí, tveir söluturnar, íþróttavöruverslun, videoleiga, bókabúð, apótek, banki, fiskbúð og hamborgarastaður. Það virðist því miður vera þróunin að flestar verslanir færast út úr úthverfunum og á miðlæga staði við umferðaæðar. Það er kannski ekki hægt að saka Reykjavíkurborg um þá þróun eða hvað?? Var ekki tekin ákvörðun í skipulagsmálum að styrkja Mjóddina á kostnað hverfanna?

Það sem stingur þó mest í augun er grotnunin og útlitið á þessum gamla góða verslunarkjarna. Búið er að birgja fyrir alla glugga og gæti litli verslunarkjarninn ekki verið meira óspennandi. Sniðugast væri að rífa þetta hús og breyta svæðinu í grænt svæði með öllu tilheyrandi eða þá að byggja láreist raðhús eins og gert var við verslunarkjarnann við Leirubakka. Það kemur einstaklega vel út.



*Nýju raðhúsin við Leirubakka, byggja nýtt frekar en að láta það gamla grotna.*

Það sem snýr að íþróttaiðkun og unga fólkinu er það sem að þarfnast mest lagfæringa. Það er ekki dýrt né flókið að halda leiktækjum og íþróttavöllum við, þetta eru engin geimflaugavísindi.



*Gamli góði Starfsvöllurinn mitt á milli Blöndubakka og Dvergabakka., hér vantar eitt af öllu.*

Þessi stóri völlur hefur að geyma tvo körfuboltavelli og einn fótboltavöll. Í 30 ár hafa ekki verið merkingar á vellinum heldur óma leifar af gömlu bílastæði. Þegar ég var að alast hér upp þá frysti borgin oft völlinn á veturna, þannig að til varð skautasvell sem að hundrað krakkar á öllum aldri notfærðu sér. Það er langt síðan að sú venja var lögð af og er það miður.





*Dæmi um það hvernig körfurnar líta út á Starfsvellinum*

Körfuboltavellirnir tveir eru ómerktir með öllu, engar merkingar í jörðu sem segja til um stærð hans eða hvar vítateigurinn sé. Enn furðulegra er að körfurnar á vellinum eru í mismunandi hæð og hrikalega illa útlítandi. Annar völlurinn hefur allt of háar körfur en hinn og lágar. Einfalt væri að setja staðlaðar körfur á alla velli, í réttri hæð. Þá verða þeir betri sem íþróttina iðka og körfur sem eru of lágar eru ekki troðnar niður í troðslukeppnum.

Bakkavöllur, þessi fornfrægi fyrrum heimavöllur ÍR var malarvöllur í fjölda ára og gerði það hverfinu mikið gott þegar gras kom á völlinn. Fyrstu árin var vel séð um hann, á hann borinn áburður og lappað uppá slitna búta á vorin sem gerði það að verkum að krakkar spiluðu hér fótbolta frá morgni til kvölds, alla daga. Í dag er völlurinn hálfgerð drullusvað sem best væri eflaust að tyrfa að mestu upp á nýtt og 20 ára gömlu mörkin eru komin á tíma.



*Bakkavöllurinn fornfrægi, er í alvörunni hægt að bjóða upp á þetta.*

Við Eyjabakka og Grýtubakka er skemmtilegt leiksvæði, eitt það yngsta í hverfinu. Þar er góður körfuboltavöllur og lítið leiksvæði fyrir yngri kynslóðina. Það er samt búið að grotna niður og komin tími á lagfæringar. Myndirnar tala sínu máli.



*Rólan þarna er náttúrulega bara meira svona „hættuleg“ en skemmtileg.*

Grindin svokallaða við Leirubakka og Kóngsbakka er einhver besti körfuboltavöllur sem til er. Einhverra hluta vegna var þetta hugsað upphaflega sem tennisvöllur, ég vissi ekki að tennishefðin væri svona sterk í Breiðholti. Seinna voru svo settar upp körfur og varð þá til þessi frábæri völlum. Núna hafa engar körfur verið á vellinum í nokkur ár og hann þannig séð ekkert notaður nema, í stöku skotboltaleik.



*Grindin í þessu ásigkomulagi er ekki merkileg, en þetta svæði býður þó upp á marga möguleika og ætti ekki að vera mjög mikið mál að „poppa hana aðeins upp“*



Almennt þarf ekki að gera mikið svo að hverfið mitt hreinlega blómstri. Það þarf ekki stórvirkar vinnuvélar eða mikla fjármuni til að gera hverfið eins og nýtt. Það eru þessir litlu hlutir sem vilja gleymast og það hefur gerst í þessu tilviki. Það er ekki flókið að laga steypu hér og þar og lappa uppá grindverk. En það bara gerir það enginn.



*Nú þarf borgin að skapa atvinnu, eru ekki margir atvinnulausir sem mundu taka því fagnandi að laga tröppur eins og þessar?*



*Það ætti að vera auðvelt að kippa þessu liðinn en þetta lagar sig samt sem áður ekki sjálf. Það sem gladdi þó augað var það að Bakkarnir eru að miklu leyti lausir við veggjakrot og annars konar subbuskap en mér skilst að það sé að mestu leyti hreinsunarátaki nemenda í Breiðholtsskóla sem fram fór laugardaginn 15 maí að þakka.*

# **Þriðji hluti: Fellahverfið**



**Tryggvi Haraldsson**

Hverfið mitt er Fellahverfi, og þar ólst ég upp fyrst í Asparfelli og loks í Yrsufelli. Hverfið hefur haft mismunandi stimpla á sér og þegar ég lít til baka þá er ég gríðarlega stoltur af því að hafa alist þar upp og fengið að upplifa menningu sem ekki möguleiki var að upplifa í öðrum hverfum Reykjavíkur. Að mínu áliti er hverfið barnvænt hverfi sem gott er að alast upp í.

Hverfið hefur á síðasta áratug breyst gríðarlega sökum fjölgunar fólks af erlendum uppruna og það hefur líka jákvæðar afleiðingar þótt sífellt virðist vera bent á hið neikvæða. Það má alltaf deila um leiðir til þess að takast á við slíkar breytingar, en hér í úttekt minni (*sem gerð er með úttekt Bjarna Fritzonar um Seljahverfið í huga*) ætla ég að taka rölt um hverfið og vekja athygli á þeim hlutum sem betur mega fara í umhverfinu.

Í Fellahverfinu er dansskóli, pizzastaður, matvöruverslun, bakarí og þrjár sjoppur. Það er hins vegar sama upp á teningnum hér og í öðrum hverfum, kjarnarnir svokölluðu eru að hverfa þar sem fólk gekk milli verslana, kíkti í búðir og hitti fólk í hverfinu. Kíkjum á mynd.



Það er nánast óhugnanlegt að labba um í hinum svokölluðu „Fellagörðum“ eða „KRON“ eins og ástandið er þar núna. Í þessum húsnæðum hlýtur að vera hægt að koma upp einhverri starfsemi sem hleypa myndi lífi í göngugötuna. Gæti Fellaskóli nýtt húsnæðið? Gætu grasrótahópar í Fellahverfinu haft þar aðstöðu? Mögulega virk hverfaráð fólksins sem þar býr?



Þá lá leið mín inn á boltavöllinn hjá Æsufelli þar sem ég eyddi töluverðum tíma kastandi bolta annað hvort í körfu eða mark á mínum yngri árum. Þegar þangað var komið varð ég nokkurn vegin orðlaus. Ég held að myndir segi meir en nokkur orð.



Hvorki malbik, girðing og hvað þá netið í mörkunum hafði verið endurnýjað frá því ég var yngri. Ef þetta er það sem boðið er upp á í dag þá skil ég krakka mæta vel sem velja að hanga inni í tölvuleikjum frekar en að láta bjóða sér það sem sést á myndinni. Það eru allavega net í mörkunum í FIFA 2010.

Þessi völlum var einstaklega vinsæll á mínum yngri árum og þá sérstaklega vegna góðs körfuboltavallar sem margir notuðu og varð húsfélagið á sínum tíma að takmarka aðgang að velliinum svo vinsæll var hann. Ég kíkti auðvitað á ástand karfanna og það var bara eitt orð sem kom upp í hugann.....vonbrigði!



Þarna hafði krökkum bersýnilega dottið í hug af einskærri sjálfsbjargarviðleitni að binda græna netadræsu á kolryðgaðan og nær lóðréttan hringinn. Smekklegt að bjóða upp á þetta?  
**Nei!**

Þarna rétt hjá er svo malarvöllur þar sem ég tók þátt í stofnun fyrsta formlega hafnaboltaliðsins á Íslandi, Kylfunni. Ástand vallarins er hrikalegt og augljóst að ekki nokkur krakki myndi láta bjóða sér svona fótoltavöll meðan hægt er að fara í önnur hverfi á sparkvelli. Svona leit hann út...



Maður spyr sig hvort ekki megi hefla svona velli upp og útbúa annarskonar afþreyingarsvæði eins og þúttvöll þar sem íbúarnir í kring myndu taka völlinn upp á eigin arma og sjá um viðhald? Þetta svæði þjónar allavega engum tilgangi í dag og er á stærð við vallahelming á stórum fótoltavelli.

Til þess að vera ekki aðeins á neikvæðu nótonum langar mig að benda á opið svæði þar sem áður var „róló“ og tekið hefur verið í gegn með miklum sóma. Svæðið geislar af fegurð bæði gróðurs og leiktækja þannig að hægt er að tylla sér niður á bekk og slaka á í sólinni meðan krakkarnir fá útrás í tækjunum. Kíkjum á fyrirmyndarsvæðið fyrir framan Asparfell. Snyrtilegt og flott.





Ánægjan var skammvinn því á nær öllum húsgöflum í Fellunum er veggjakrot og gegn því verður að ráðast. Fyrirhafnarlítil eyðilegging eins veggjakrot er gríðarlega mikið líti á nærumhverfi þess fólks sem þarna býr og þess vegna verða að vera til átakshópar á vegum Reykjavíkurborgar sem vinna í því allan ársins hring að uppræta slíkt og mála yfir. Þetta blasti við ekki langt frá fyrirmyndarleiksvæðinu sem hér á undan er getið.



Áfram hélt leiðin og næsti áfangastaður var „Wembley“ fótboltavöllurinn í Völvufelli, en þar hitti maður eitt sinn félagi úr hinum hverfum fellanna og tók tuðruspark á alvöru grasi. Augljóst var að þar hafði ekki verið stundaður fótbolti í langan tíma enda er þarna núna staðsettur stærsti „einsparksvöllur“ í Reykjavík (*ekkert til að vera stoltur af*). Vanhirda einkenndi svæðið og þar var enginn krakki á sveimi. Búið hefur verið að fjarlægja annað markið og eftir stendur eitt risastórt mark í vanhirtu og þúfumiklu grasinu. Sjá mynd.





Lítið vantar upp á að völlurinn geti talist frábær, en krakkarnir eru ekki í stakk búnir til að gera þær framkvæmdir á honum sem þarf til að hægt sé að njóta þess að sparka bolta í góða veðrinu. Enginn krakki var nálægur vellinum þegar ég átti leið hjá, völlum sem yfirleitt var iðandi af lífi.

Annað sem pirrað hefur marga íbúa í Fellunum eru lélegar samgöngur við verslunarkjarnann yfirgefna. Þar er þó ennþá pizzastaður, bakarí og matvöruverslun og því er nauðsynlegt að fólk sem ekki á þess kostna að ganga til að njóta þjónustunnar, geti keyrt á planinu án þess að brjóta öxul eða sprengja dekk. Á myndinni hér að neðan er einungis ein hola af mörgum sem þó hefur verið reynt að strá grófri mól ofan í.



Þegar labbað er um hverfið sést bersýnilega að auðvitað hefur ýmislegt verið gert og fyrir má nú vera á öllum þessum árum. Dæmi um það er félagssvæði íþróttafélagsins í fellunum, Leiknis. Sú uppbygging sem þar hefur átt sér stað er í dag að skila liðinu langleiðina upp í Pepsíeildina að ári. Þegar ég var ungur var einungis boðið upp á malarvöll sem skilaði sér í afleitri frammistöðu undirritaðs sem fylgja mun honum alla ævi. Leiknissvæðið eða „Ghetto ground“ er klárlega ljósi punkturinn í tilveru fellanna sem kveikir gleði þegar sól fer hækkandi á hverju ári. Svæðið fór úr því að vera einn kofi og malarvöllur í það að verða stórt félagsheimili, gervigrasvöllur og tveir hágæða grasvellir með stúku. Til fyrirmyndar og hefur svona uppbygging íþróttafélags gríðarlegt gildi fyrir fólkið sem í hverfinu býr.



Stolt Efra-Breiðholtsins „Ghetto Ground“ aðsetur Leiknis

Til þess að enda frekar skjóta yfirferð mína yfir það sem fyrir augu bar í Fellunum langar mig að sýna hérna sjón sem mér fannst æði algeng og það er eiginlega sama um hvaða hverfi ræðir í Breiðholtiinu. Hvað eiga krakkarnir að gera við járnverkið vinstra megin á þessari mynd? Naga það?



Svona lítur þverskurður Fellahverfisins út í dag. Þær myndir sem teknar voru, sýna svart á hvítu að margt má betur fara þótt sumt hafi verið vel gert. Við eigum ekki að setta okkur við það að leiksvæði grotni niður og að hverfið líti illa út. Auðvitað þarfnast átakið þátttöku þeirra sem í hverfinu búa en ég er þess fullviss að með tilkomu nýs fólks í borgarstjórn verði hægt að koma fram með frjóar og glænýjar hugmyndir um uppbyggingu hverfanna í borginni. Vinnuaflið vantar ekki eins og ástandið er í dag og því er bara að bretta upp ermar og virkja það. Hverfisvitund og félagsauður eru hugtök sem Fellahverfið þarfnast til þess að hægt sé að gera hverfið eftirsóknarvert að búa í, og það sprettur upp þegar íbúarnir fara að hugsa um nær umhverfið af virðingu. Spýtum í lófana og hefjum átak með nýjum aðferðum á þeim stað þar sem hinn nýi meirihluti greindi frá hinu goðsagnakennda samstarfi, í Fellunum !

Með bestu kveðju

Tryggvi Haraldsson

## **4.hluti: Hólahverfið**



**Jóhann Jökull Ásmundsson**



Hólahverfið er sérstakur staður. Skipulag hárra fjölbýlishúsa sem er raðað upp eins og hallarmúr efst í Reykjavík. Hólahverfið er miklu meira en sjöhæða blokkir og nágrannavandamál. Hólahverfið er yndislegur staður til að búa á. Það get ég staðfest ásamt öllum þeim sem til þess þekkja. Ég gekk í Hólabrekkuskóla í tíu ár, tók stúdentspróf í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, æfði fótbolta með Leikni, körfubolta með ÍR, stundaði Bókasafnið í Gerðubergi, lærði að synda í Breiðholtslauginni ásamt því að notfæra mér alla þá fjölmörgu kosti sem hverfið hefur að bjóða.

Í mínum huga er stærsti kosturinn við hverfið öll þau fjölmörgu opnu svæði sem þarna standa fjarri bílaumferð. Í dag bý ég og starfa í 101. Ég geri mér samt reglulega ferðir upp í Breiðholt til að taka göngutúr um hverfið og Elliðaárdalinn, einnig til að fara í Breiðholtslaugina. Hverfið er gróið og margt hefur verið gert til að snyrta það. Auðvitað er alltaf hægt að gera hlutina betur, halda hlutum betur við og hugsa hlutina í nýju ljósi.

Reykjavík einkennist af því hvernig allir hlutir eru hafðir gráir svo þeir tóni örugglega saman við þunga skýjabakka á veturna. Götur, gangstéttir, ljósastaurar og rafmagnskassar, allt grátt. Eitt af einkennum miðbæjarins, það sem gerir hann svo skemmtilegan, er hvernig öll húspök hafa verið máluð í fjölbreyttum litum. Er ekki hægt að gera það víðar í Reykjavík?



Þetta torg stendur við Menningarmiðstöðina Gerðuberg, Félagsmiðstöðina Gerðuberg, Tónskóla Sigursveins og Heilsugæslustöðina. Æðislegt torg og frábært að renna sér þarna á hjólabretti eða til að setjast niður og að njóta sólarinnar. Er nauðsynlegt að hafa Nikkabar þarna ár eftir ár og væri ekki hægt að gera þetta torg enn skemmtilegra, svo fólk myndi nýta sér það í meiri mæli? Er nauðsynlegt að blómaker, staurar og listaverkið sé allt grátt?



Svona járnhlið standa út um allt Breiðholt. Ég trúi ekki að það sé nefnd í Reykjavík sem tekur ákvörðun um að þau þurfi að vera bæði skökk og litlaus svo þau þjóni hlutverki sínu.



Sumarið 2006 starfaði vinnuhópur í Breiðholtinu, unglingar á aldrinum 13 ára til 14 ára, á vegum Vinnuskólans í Reykjavík og ÍTR. Hópurinn hafði það hlutverk að skoða umhverfið og koma með lausnir. Afrakstur hópsins má sjá m.a. í þessum járnhliðum sem máluð voru blá og er kærkomin tilbreyting frá gráa litnum. Mér finnst að allir að ljósastaurar í Breiðholti mættu vera málaðir bláir líka.





Hér stóð lengi ljótur malarvöllur sem lítið var notaður. Í dag hefur verið gert aðlagandi útvistarsvæði með trjám, grashólum og körfuboltavelli. En eins og með svo marga hluti þá vantar viðhald til að gera þetta fullkomið.



Svona líta körfurnar út í dag.





Ruslatunnur standa víða í hverfinu. Því miður virðist vera nokkuð snúið að tæma þær.



Er ekki hægt að láta rafmagnskassa líta út á annan hátt en þennan?





Þessar aspir eru dæmi um hvernig hverfið er orðið gróíð og aðlagandi.



Búið er að taka skólalóðina við Hólabrekkuskóla í gegn með góðum árangri.



Þessi vel heppnaði körfuboltavöllur stendur við Hólabrekkuskóla. Tvær af fjórum körfum eru þó of háar, yfir hámarkshæð sem er 3,05 metrar. Á myndinni má sjá ákveðið náttúruval þar sem krakkarnir velja að spila á þær tvær körfur sem ekki eru of háar. Lítið mál er að laga þetta þar sem körfurnar eru stillanlegar og gera þetta að betri körfuboltavöllum á landinu.



Við öll leiktækin við Hólabrekkuskóla er búið að setja mjúkt undirlag. Hér stendur glæsileg aparóla **NEMA** það vantar róluna í tækið.

Þetta eru nokkur af fjölmörgum atriðum sem hægt er að taka fyrir. Oft er þetta bara spurning um að gera góða hluti fullkomna með smá viðhaldi. Einnig er þetta spurning um að hugsa hlutina á annan hátt með smá gagnrýni. Þó svo hlutirnir séu gráir í dag þá þurfa þeir ekki að vera gráir á morgun.



## Niðurlag

Til að taka þetta saman þá er vanræksla borgaryfirvalda á hverfum Breiðholtsins megin vandamálið, eins og myndirnar hér að ofan sýndu. Nú er tími til kominn fyrir borgina að hjálpa íbúum Breiðholtsins að losna undan „ghetto“ stimplinum með því að sinna þessu hverfi betur og gera það meira aðlaðandi. Því eins og sást í þessari skýrslu þá er Breiðholtið vel skipulagt og fjölskylduvænt hverfi, þar sem ungir sem aldnir ættu að geta notið sín. Meðan hverfinu er ekki sinnt þá nýtast þessi skemmtilega útfærðu grænu svæði ekki sem skyldi. Það er ekki beint spennandi fyrir fjölskyldur að fara í lautarferð við Andartjörnina meðan hún lítur svona út, eins og það gæti verið huggulegt. Margir möguleikar eru í stöðunni eins og sést þegar skoðaðar eru tillögur að lausnum sem eru birtar í lok umfjöllunar um Seljahverfið. Það þarf bara áhuga og vilja til þess að taka á þessu. Æsufellsfundur hins nýja meirihluta í borgarstjórn vakti eðlilega mikla lukku meðal Breiðhyltinga og þau fleygu orð „ætlum að byrja í Breiðholtinu“ voru líklega bestu tíðindi sem við höfum fengið í áraraðir. Að lokum viljum við þakka fyrir þann tíma sem þið gáfuð ykkur í lesninguna og vonumst til þess að þið hafið haft gagn og gaman af.

Mbk. Synir Breiðholts.

## Heimildaskrá

1. Listasafn Reykjavíkur (2002). *Byggt yfir hugsjónir: Breiðholt frá hugmynd að veruleika*.
2. Sbr. Þjóðviljinn 2. ágúst 1972, bls. 11.
3. Morgunblaðið 20. janúar 1973, bls 10.
4. Alþýðublaðið 6. apríl 1976, bls 2.
5. Eggert Þór Bernharðsson (2002). Íbúðir fyrir fjöldann. *Byggt yfir hugsjónir: Breiðholt. Frá hugmynd að veruleika*. Listasafn Reykjavíkur, bls. 20-31.
6. Reykjavíkurborg (2010). Sótt þann 5. júní af [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-4032/6818\\_view-3141/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-4032/6818_view-3141/)
7. Vinnumálastofnun (2010). Tölur fengnar frá Frank F. Friðrikssyni starfsmanni hjá Vinnumálastofnun.
8. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu (2008). Afbrot á höfuðborgarsvæðinu. Sjá viðauka. Sótt 5. júní af <http://www.logreglan.is/upload/files/Afbrot%20%C3%A1%20h%C3%B6fu%C3%B0borgarsv%C3%A6%C3%B0inu%202008.pdf>
9. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu (2008). Afbrot á höfuðborgarsvæðinu. Sjá viðauka. Sótt 5. júní af <http://www.logreglan.is/upload/files/Afbrot%20%C3%A1%20h%C3%B6fu%C3%B0borgarsv%C3%A6%C3%B0inu%202008.pdf>
10. Félagsbústaðir (2010). Sótt 4. júní af <http://felagsbustadir.is/?PageID=578&NewsID=4498>
11. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu (2008). Afbrot á höfuðborgarsvæðinu. Sótt 5. júní af <http://www.logreglan.is/upload/files/Afbrot%20%C3%A1%20h%C3%B6fu%C3%B0borgarsv%C3%A6%C3%B0inu%202008.pdf>
12. Heimasíða Leiknis í Breiðholti (2010). Sótt 3. júní af <http://www.leiknir.com/default.asp?op=greinar&sop=eingrein&grein=6>
13. Ásgeir Ágústsson (2007). *Heil öld til heilla. Saga ÍR í 100 ár*. Íþróttafélag Reykjavíkur.
14. Vefur Reykjavíkurborgar (2007). *100 ára afmælishátíðarhöld ÍR-inga í Breiðholti tókust vel*. Sótt 5. júní 2010 af [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-4082/182\\_read-5964/182\\_page-33/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-4082/182_read-5964/182_page-33/)



